

Kaldrananeshreppur
Holtagötu
520 Drangsnæs

Garðabær, 4. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0008
IAS

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030, frístundabyggð á Skarði og stækkun íbúðarsvæðis á Drangsnæsi.

Vísað er í erindi frá Kaldrananeshreppi, dagsettu 5. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á Aðalskipulagi 2010-2030, frístundabyggð á Skarði og stækkun íbúðarsvæðis á Drangsnæsi.

Kynntar eru vinnslutillögur vegna tveggja breytinga á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010 - 2030. Annarsvegar vegna frístundabyggðar á Skarði í Bjarnarfirði og hins vegar nýrra íbúðalóða við Vitaveg á Drangsnæsi og minnkun á íþróttasvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögurnar og gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem gerður eru vegna stækkunar íbúðarsvæðis á Drangsnæsi.

Nýtt svæði fyrir frístundabyggð er fyrirhugað á túninu við Skarð sem er í eigu Kaldrananeshrepps. Túnið hefur ekki verið nýtt undanfarin ár en það er á landi sem hefur verið ræst fram. Náttúrufræðistofnun hefur ekki skoðað umrætt svæði en þarna má reikna með talsverðu fuglalífi og ef ekki á að nýta túnin mætti skoða hvort þar væri hægt að endurheimta votlendi í stað fyrirhugaðrar frístundabyggðar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki aðrar athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

